

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2023

2023/EES/87/01

frá 13. júní 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2383 frá 6. desember 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar gerðarviðurkenningu með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum sem eru knúin með hreinni lífdísilólíu ⁽¹⁾.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 45zzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 2383**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2383 frá 6. desember 2022 (Stjtið. ESB L 315, 7.12.2022, bls. 63).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2022/2383, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 315, 7.12.2022, bls. 63.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.